

Ferlisritun: **UMRITUN**

(revising)

Aldurshópur

Öll stig grunnskólans

Um umritun

Ritun er ferli sem tekur tíma og krefst endurskoðunar. Umritun er þriðji hluti ferlisritunar og í þessum hluta gefst textasmiðnum tækifæri til að betrumbæta textann sem hann hefur skrifað.

Umritun getur falið í sér:

- Að færa hluta textans á nýjan stað.
- Að umorða það sem búið er að rita.
- Að bæta inn í textann.
- Að taka út hluta textans.

Ástæður þess að textasmiður ákveður að breyta textanum geta verið margvíslegar en fyrst og fremst þarf hann að hafa í huga hver lesandinn (eða sá sem hlustar) er og hverju hann vill koma til skila. Athugið að ekki er horft á stafsetningu, uppsetningu eða frágang í þessum hluta heldur er verið að fást við efnislegt innihald textans.

Umritunin byggir á gagnrýni textasmiðsins sjálfs og eins er gott að fá gagnrýni frá einhverjum öðrum. Gagnrýnin þarf að vera uppbyggileg enda er tilgangurinn sá að gera textann betri. Kennari þarf að útskýra þetta ferli vel fyrir nemendum sínum þannig að þeir sjái tilganginn með umrituninni og nýti sér hana í sjálfstæðum skrifum í framhaldinu.

Markmið

- Að gera ritverkið betra.
- Að fá nemendur til að hugsa um innihald texta.
- Að fá nemendur til að skoða eigið málfar.

Framkvæmd

Í framkvæmdalýsingunni hér fyrir neðan er útskýrt hvernig kennari leggur inn umritun í fyrsta skipti, en hér er í raun um kennslu í vinnubrögðum að ræða.

1. Útskýrðu fyrir nemendum hvað felst í umritun og til hvers hún er.
2. Veldu sýnishorn úr texta (nauðsynlegt að undirbúa áður) sem nemandi/nem-endur hafa skrifað og varpaðu upp á skjá svo allir sjái vel. Útskýrðu fyrir nemendum að nú ætlir þú að sýna þeim hvernig umritun sé framkvæmd.

3. Sýndu nemendum gátlista (t.d. meðfylgjandi gátlista). Útskýrðu að hann sé hjálpartæki fyrir þá sem eru að læra umritun og að þið ætlið að nota hann núna í þessari sýnikennslu. Gott er að hafa í huga að nota stuttan gátlista við þetta tækifæri eða einungis að horfa til nokkurra atriða á listanum og halda áfram með hann síðar.
4. Lestu fyrsta atriði gátlistans upphátt fyrir nemendur og byrjaðu síðan að lesa textann sem þið völduð. Hugsaðu upphátt og breyttu textanum þannig að nemendur sjái það sem þú ert að gera. Gott er að eiga samtál við nemendur strax að lokinni hverri breytingu þar sem þú gengur úr skugga um að þeir skilji af hverju þú ákvaðst að gera tiltekna breytingu. Merktu við á gátlistanum þegar þið teljið ykkur hafa lokið breytingum varðandi atriðið.
5. Gerðu eins með næsta atriði á gátlistanum og haltu þannig áfram. Varastu að hafa þessa sýnikennslu of langa og taktu frekar þráðinn upp aftur næsta dag.
6. Leyfðu nú nemendum þínum að prófa sjálfum. Vertu viss um að þeir séu með texta tiltækan sem þeir hafa samið og afhentu þeim gátlista til eigin nota. Gakktu á milli nemenda (ritunarsamtal) og leiðbeindu þeim eftir þörfum. Þarna gefst gott tækifæri fyrir kennarann að sjá hverjir hafa skilið innlögnina og hverjir gætu þurft sértæka leiðsögn varðandi umritun.
7. Endurtaktu framkvæmdina (fyrir utan að sleppa eða einungis rifja upp fyrsta liðinn) næsta dag eða eins fljótt og mögulegt er. Mikilvægt er að taka frá góðan tíma í stundatöflu nemenda fyrir ritun, sérstaklega á meðan verið er að festa vinnubrögð ferlisritunar í sessi.

Til athugunar

Ekki er nauðsynlegt að notast við gátlista í umritun heldur eru þeir valkvæður möguleiki sem mörgum þykir gott að nota þegar þeir kenna umritun. Dæmi um gátlista má finna hér að neðan en ætlunin er að safna fleirum slíkum undir *Verkfæri ritunar á Læsisvefnum*.

Verkefni sem þjálfar umritun

Umrítun með félag

Nemendur skiptast á texta, lesa yfir og eiga síðan ritunarsamtal þar sem textinn og hugsanlegar breytingar á honum eru ræddar. Gátlistar varðandi umritun geta nýst vel í þessari útfærslu. Kennari velur, út frá sínum nemendahópi, hvort hann hvetji nemendur til að skrifa niður athugasemdir eða hvort þær séu einungis ræddar í ritunarsamtali félaganna.

Segðu frá

Segðu einhverjum frá textanum sem þú varst að skrifa (þetta gæti líka verið símtal) og taktu upp það sem þú segir. Hlustaðu síðan á upptökuna og athugaðu hvort þú hafir t.d. sagt frá einhverju sem þú varst e.t.v. ekki búin að skrifa niður eða hvort eitthvert atriði sé óþarft og þú vilt taka út úr textanum.

Ný byrjun/nýr endi

Prófaðu fimm nýjar leiðir til að byrja textann þinn. Prófaðu fimm nýjar leiðir til að enda textann þinn.

Hlutun

Hlutaðu textann niður; annaðhvort með því að teikna box í kring um ákveðna hluta eða jafnvel að klippa textann niður. Prófaðu að færa bítana til og raða textanum upp á nýjan hátt.

Stingdu ritverkinu í vasann

Taktu uppkastið þitt, brjóttu það saman og stingdu því í vasann (eða settu bókina ofan í skúffu). Prófaðu nú að skrifa textann upp aftur, án þess að hugsa um hvernig hann var áður.

Upplestur

Fáðu bekkjarfélaga til að lesa textann þinn upphátt. Taktu eftir hvort hann eigi erfitt með að lesa einhvern hluta en það gæti verið vísbending um að þú þurfir að umrita textann.

Minnkaðu/stækkaðu

Taktu hluta textans þar sem þú rétt nefnir eitthvað og skrifaðu hálfu til eina blaðsíðu um það efni. Taktu hluta textans þar sem þú skrifar mikið um eitthvað efni og stytta það niður í eina til tvær málsgreinar.

Skipt um blæ!

Skoðaðu hvaða blær er á textanum þínum og prófaðu að skrifa textann upp á nýtt með nýjum blæ. Dæmi: Ef textinn var formlegur skrifaðu hann þá sem mjög óformlegan, ef textinn var alvarlegur þá gætir þú reynt að skrifa hann með léttum blæ, ef textinn var mikið skreyttur með lýsingarorðum þá skrifar þú hann upp á nýtt á einfaldan hátt og svo framvegis.

Gátlisti fyrir umritun

Dæmi um þætti sem ætti að skoða

- Passar fyrirsögnin við textann?
- Vekur byrjunin áhuga lesandans?
- Skrifaði ég það/allt sem ég ætlaði að skrifa?
- Hef ég sagt eitthvað oft en einu sinni?
- Nota ég einhver orð of oft?
- Byrja málsgreinar oft eins?
- Eru einhverjar málsgreinar of langar?
- Er textinn skýr?
- Er textinn í réttri röð?
- Tengjast allir hlutar textans á einhvern hátt?
- Þarfnast einhver hluti textans meiri útskýringa?
- Munu þeir sem lesa textann skilja hann?
- Hvernig vil ég að lesandanum líði eftir lesturinn?
Mun honum líða þannig?
- Hvað vil ég að lesandinn viti að loknum lestri?
Fær hann þær upplýsingar í þessum texta?
- Fylgir textinn sama stílnum út í gegn?

